

Reykjavík 15. október 2017

B.t. Boga Kristinssonar Magnussen

Skipulags og byggingarfulltrúa

og sveitastjórnar Árneshrepps

Athugasemdir við breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025

Undirrituð gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025.

- 1) Ekki er forsvaranlegt að gefa leyfi fyrir rannsóknum, efnistöku og lagningu vega um fyrirhugað framkvæmdasvæði þar sem vegur á svæðið (Ófeigsfjarðarvegur) er ekki í því ásigkomulagi að geta tekið við umferð þeirra stórvirku vinnuvéla sem þufa til framkvæmda við þá rannsóknarvinnu sem fyrir liggur, efnistöku og vinnslu efnis. Engin útfærsla er á því hvernig koma eigi þeim tækjum sem þurfa til framkvæmdanna á vinnusvæðið. Ljóst er að núverandi vegur frá Melum í Ófeigsfjörð ber ekki þungaflutning eða aðra umferð stórra tækja. Sá þungaflutningur sem verður um veginn, ef til þess kemur að náma við Gjögur verði notuð, getur ekki orðið eftir veginum í núverandi ásigkomulagi. Nauðsynlegt er að fyrir liggja samþykki á breytingu á aðalskipulagi vegna Ófeigsfjarðarvegur áður en hægt er að fara í framkvæmdir við aðra vegi og/eða annað sem krefst aðkomu stórvirkra tækja. Það ætti því að vera ófrávíkjanleg krafa að klára fyrst breytingu á aðalskipulagi vegna Ófeigsfjarðarvegur.
- 2) Við lagningu vega á vinnusvæðinu verður gríðarlega mikið jarðrask og mun vegurinn skilja eftir sig stórt varanlegt sár á svæðinu sem aldrei mun hverfa. Það er óásættanlegt að skilja eftir varanlega sjónmengun af þessu tagi einungis til að rannsaka forsendu framkvæmda sem ekki hafa verið samþykktar sem heild. Ekki er tímabært að fara í slíkar framkvæmdir þar sem enn er mörgum spurningum ósvarað um fyrirhugaða Hvalárvirkjun.
- 3) Óbyggðanefnd hefur ekki lokið umfjöllun um svæðið og því ótækt að raska því þegar slík úttekt stendur fyrir dyrum en áætlað er að hefja þá vinnu á árinu 2018. Landsvæðið sem um ræðir er gríðarlega stórt og því ekki ólíklegt að einhver hluti þess falli undir þjóðlendu.

- 4) Óásættanlegt er að ráðast í rannsóknir, vegalagningu og efnistöð á svæðinu sem mun skerða ósnortin víðerni. Þessi skerðing er veruleg en í heildina munu ósnortin víðerni skerðast um a.m.k. 200 km<sup>2</sup> og slíta í sundur 1600 km<sup>2</sup> ósnortin víðerni sem eru þau stærstu á Vestfjörðum. Ósnortin víðerni ber samkvæmt lögum að vernda, eitt af megin markmiðum náttúruverndarlaga snýr að verndun óbyggðra víðerna samkvæmt 3. gr laganna. Í 61. gr er einnig kveðið á um að slíkt megi ekki gera nema brýna nauðsyn beri til.
- 5) Efnistöð í námu ES19 brjóta í bága við lög um náttúruvernd, 62. gr, sem kveður á um að „*við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins*“. Með fyrirhuguðum framkvæmdum verður stór hluti bakka vatnsins tekinn og vatnið stækkað umtalsvert. Ef ekki verður af virkjunarframkvæmdum er með þessu búið að manngera og breyta ásýnd vatnsins til frambúðar sem verður að teljast afar neikvætt fyrir þetta annars ósnortna svæði. Vatnið sem um ræðir er innan þess svæðis sem skilgreint er sem ósnortin víðerni, framkvæmdir við það brjóta því einnig 2 liði 3. gr náttúruverndarlaga þar sem segir (áhersluatriði hafa verið undirstrikuð): *3. gr. Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:*
- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,*
  - b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,*
  - c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,*
  - d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
  - e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*
- 6) Náma ES20 er í hólma ofan við núverandi brúarstæði. Villandi er að tala um þennan hólma sem eyrar í ánni þar sem hólminn er að miklu leyti gróinn. Gróður þar hefur fengið að þróast án áhrifa grasbíta og manna og er því gróðurfar annað en á bökkum árinna. Gróðurþekjan hefur ekki tækifæri til að breyða úr sér ef ógróni hluti hólmsins verður tekinn. Við efnistöð á þessum stað breytist ásýnd svæðisins varanlega af mannavöldum sem verður að teljast mjög neikvæð áhrif á áður ósnortið svæði.
- 7) Náma ES18 felur í sér gríðarlegt jarðrask sem mun blasa við öllum sem á svæðið koma og eyðileggja ásýnd Hvalárósa um alla framtíð. Þeir sem eiga leið um svæðið þurfa að keyra í gegnum efnistöðusvæðið og þegar á líður meðfram gríðarstórum haugum af efni sem til stendur að koma fyrir í námunni á framkvæmdatíma. Á þessu svæði hefst gönguleið þeirra sem vilja ferðast gangandi norður Strandir. Þeir sem í slíka upplifun sækja eru ekki að leitast eftir að litast um á iðnaðarsvæði eins og því

sem mun blasa við þeim ef af framkvæmdum verður. Því til stuðnings má nefna að 70% erlendra ferðamanna koma hingað til lands í leit að ósnortinni náttúru. Áhrif á náttúru af völdum sand og moldroks sem óhjákvæmilega mun eiga sér stað um leið og efnistöð hefst og ekki síður þegar haugsett hefur verið þar efni, hafa ekki verið könnuð. Mörk efnistökusvæðis ES18 liggja mjög nálægt vaði í Hvalá. Ekki er með öllu ljóst hvort jarðrask svo nálægt vaðinu hafi áhrif á það. Vöð njóta verndar 21. gr. laga um menningarminjar.

8) Enn eru gríðarlega margir óvissuþættir tengdir framkvæmdum við Hvalárvirkjun. Ég geri því athugasemd við að breytingar á Aðalskipulagi Árneshrepps séu bútaðar niður með þessum hætti. Ég tel að megin tilgangur þess sé að koma af stað framkvæmdum, svo framkvæmdaaðili geti nýtt þær sem forsendu fyrir áframhaldandi raski og vinnu á svæðinu. M.a. á þeim forsendum að með rannsókn framkvæmdunum sé búið að skerða ósnortin víðerni. Þetta eru ósvífin vinnubrögð og í hæsta máta ófagleg. Enn liggja mörg atriði á huldu, mætti þar helst telja:

- Fullunnið mat á áhrifum á gróðurfar og dýralíf
- Hvert og með hvaða hætti lína frá virkjuninni mun liggja
- Hver tengipunktur virkjunarinnar verður
- Hvert raforka frá virkjuninni verði seld
- Áhrif á afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu
- Skipulag og umhverfisáhrif vegna vegalagningar frá Melum í Ófeigsfjörð
- Hver rökin eru fyrir því að brýn nauðsyn sé til að eyðileggja bæði með varanlegum hætti tugi fossa, tjarnir, vötn og umhverfi þeirra ásamt ósnortnum víðernum sem falla undir 61. gr náttúruverndarlaga.

Þessi listi er ekki tæmandi. Bráðnauðsynlegt er að svör við öllum ofantöldum atriðum og að heildaráhrif virkjunarinnar liggi fyrir áður en farið er í framkvæmdir af einhverju tagi. Öllum ofantöldum atriðum er hægt að svara án þess að fara í þær viðamiklu framkvæmdir sem um ræðir.

Virðingarfyllt

Rakel Valgerisdóttir, kt. 1510834479